

Til foreldra skólabarna!

Þar sem lús hefur gert vart við sig í skólum bæjarins, eru foreldrar skólabarna beðnir um að vera vakandi gagnvart smiti. Vegna fjölpættra samskipta nemenda í skólanum er smíthætta mikil. Því er mikilvægt að bregðast fljótt og vel við.

Mikilvægt er að tilkynna umsjónakennara barnsins eða skólahjúkrunarfræðingi verði lúsar vart, til að hefta útbreiðslu.

Hvernig á að finna lús og hver eru einkennin?



Lúsin er gráleit 2-3 mm. að lengd. Oft er erfitt að koma auga á lifandi lús þar sem hún getur verið samlit hörundi. Lúsin lifir í hársverðinum og nærst eingöngu á mannablóði, sem hún sýgur úr hársverðinum. Um leið og hún sýgur spýtir hún efni í sárið sem veldur kláða og er það oft eina einkennið um smit. Lúsin verður kynþroska á 8-10 dögum. Þá verpir hún eggjum sem kallast **nit sem hún lúmir við hársvörðinn**. Nitin sést oft betur en lúsin

sjálf og þá helst í hnakka, hnakkagróf eða bak við eyru. Lúsin skríður á milli manna og smitast eingöngu við beina snertingu frá hári til hárs.

Hvað á að gera verði lúsar vart?

Ekki er hægt að eyða lús með venjulegum hárbvotti. Berið strax í hárið lyf sem vinnur bug á bæði lús og nit. Þessi lyf fást án lyfseðils í lyfjaverslunum.

Ekki er ráðlagt að nota hárbvottalyfið nema hjá þeim sem lús eða nit finnast hjá þar sem ofnotkun getur dregið úr næmleika þess.

Lyfin eru aðallega:

- Hedrin hársápa *nýtt lyf*
- Prioderm áburður/hársápa
**Er lausn sem á að vera í hári í 12 tíma/ yfir nótt.*
- Nix hársápa
- Tenutex áburður



Nit í hári

Nákvæmar leiðbeiningar um notkun lyfsins fylgja með. Nauðsynlegt er að fara eftir þeim. Bleytið hárið fyrst og þerrið vel með handklæði berið síðan lyfið **í rakt hárið**. **Athugið að of mikið vatn dregur úr virkni lyfsins.**

Vanfærar konur, börn undir 2ja ára og börn með mikið exem í hársverði noti ekki hárbvottalyfið nema í samráði við lækni.

Landlæknisembættið leggur áherslu á að starfsfólk skólaheilsugæslu er til staðar til þess að gefa ráð og leiðbeiningar. Almennt er ekki ætlast til að skólahjúkrunarfræðingar kembi hár barna, nema í undantekningartilvikum.

Snú.....

Eftirmeðferð:

Leitið í hári hjá öðru heimilisfólki. Kemið hárið á öllum annan hvern dag í tvær vikur með lúsakambi.

Endurtakið lúsameðferðina eftir sjö daga til að drepa þá lús og nit sem ekki hefur drepist við fyrstu meðferð.

Ef nit fer ekki úr hári með kambri verður að handtína hana úr. Annars er hættu á endurvakningu á smiti.

Ekki er nauðsynlegt að þrifa heimili eða fatnað sérstaklega. Ráðlegt er að meðhöndla bursta, greiður, kamba, hárskraut og húfur vegna möguleika á smiti.

Hella skal sjóðandi vatni yfir og láta liggja í bleyti í 10-15 mín. eða frysta í 4-6 klst.

Leiðbeiningar um notkun á lúsakambi.

Nákvæm kemming er mikilvæg þegar athuga þarf hvort viðkomandi hafi smitast af höfuðlús. Greiðið fyrst hárið með venjulegri greiðu. Það getur verið erfiðara að byrja með lúsakambi. Betra er að kemba blautt hárið með hárnæringu.

Greiðið með lúsakambinum yfir stórum spegli, hvítum pappír eða vaski með vatni í, þá er auðveldara að sjá þær lús sem hafa greiðst úr hárinu. Kemið nálægt hársverðinum.

Skiptið hárinu í fjóra eða fleiri hluta og festið með spennu eða teygju. Festið aftur hárið sem búið er að kemba og haldið áfram þar til allur hlutinn er fínkembdur. Gott er að kemba hárið upp á við í hnakkagrófinni. Verið viss um að lúsakamburinn fari eins nálægt hársverðinum og mögulegt er. Gerið sama við kollinn. Athugið að uppáhaldsvarpstaður lúsarinnar er bak við eyrun, í hnakkagrófinni og ofan á hvirflinum.



Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu landlæknis www.landlaeknir.is/pages/831 og heimasíðu heilsugæslunnar undir skólaheilsugæsla eða 6h.is.